

**Nd.**

**580. Breytingartillaga**

**[124. mál]**

við frv. til laga um ríkisábyrgðir.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 4. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Áhættugjald það, sem greitt verður samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar, skal geymt á sérstökum reikningi. Má einungis nota fé þetta, eftir því sem til vinnst, til þess að greiða ábyrgðarkröfur, sem á ríkissjóð kunna að falla, svo og kostnað við framkvæmd laga þessara. Nú endurgreiðist skuld, sem greidd hefur verið af framangreindum reikningi, og skal þá hið endurgreidda fé lagt á reikninginn.